

## REGLUGERÐ

### um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu.

#### 1. gr.

Tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum, sem vísað er til í 68.a tölulið XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skal gilda hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðaukanum, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans svo og þeirri aðlögun sem leiðir af ákvæðum 2.-4. gr reglugerðar þessarar.

Tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE, hér eftir nefnd tilskipunin, er birt sem viðauki við reglugerð þessa.

#### 2. gr.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í tilskipuninni hafa þau merkingu þá sem hér segir:

*Aðildarríki:* Sérhvert aðildarríki Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins.

*Framkvæmdastjórnin:* Eftirlitsstofnun EFTA.

#### 3. gr.

Flugmálastjórn Íslands er lögbært yfirvald á Íslandi þegar beita skal 3., 4. og 6. gr. tilskipunarinnar.

#### 4. gr.

Skírteini sem gefin eru út í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð eru viðurkennd skírteini á Íslandi í samræmi við 2. gr. d í tilskipuninni.

Skírteini sem ekki falla undir 1. mgr. þessarar greinar hljóta viðurkenningu og málsmeðferð á Íslandi á grundvelli 1. tl. 3. gr. 4. og 6. gr. tilskipunarinnar.

Umsóknir um skírteini samkvæmt reglugerð þessari skulu sendar til Flugmálastjórnar Íslands, Reykjavíkflugvelli, 150 Reykjavík, Ísland.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/1964 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytið, 24. maí 1995.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*